

Ed.

#### **45. Tillaga**

til þingsályktunar um lán úr viðlagasjóði til að bæta jarðskjálftaskemdir í Rangárvallasýslu.

Flutningsmenn: Jens Pálsson, Guðjón Guðlaugsson.

Efri deild Alþingis ályktar að skora á landsstjórnina að veita Rangárvallasýslu 25000 kr. króna lán úr viðlagasjóði til þess að bæta skemdir þær á bæjum og utanbæjarhúsum, sem urðu af jarðskjálftanum í sýslunni síðastliðið vor.

Lánið veitist gegn ábyrgð sýslunefndar Rangárvallasýslu vaxtalaust, með jöfnum afborgunum á 10 árum.